

Heiti áfanga: DANS3CF05

Titill: Ferðaáfangi

Prep: 3

Staða áfanga: Valáfangi á öllum brautum.

Kennsla: Um er að ræða 4 tíma í töflu ásamt ferð til Danmerkur. Áfanginn er kenndur á vorönn.

Undanfari: 15 einingar í dönsku. Nemendur þurfa að vera á átjándra aldursári. Þeir nemendur sem ekki eru orðnir 18 ára þurfa að sækja um undanþágu hjá skólastjórnendum. Einnig þarf skriflegt samþykki frá foreldrum.

Stutt lýsing á efni áfangans: Fimm daga ferð til Kaupmannahafnar sem farin er í lok annar eftir síðasta próf og fyrir útskrift. Undirbúningur og úrvinnsla á ferðinni fer fram í tímum.

Nokkur lykilhugtök áfangans: Kennslan er miðuð við C1 samkvæmt evrópsku tungumálamöppunni. Þekking á Kaupmannahöfn nútímans ásamt sögu borgarinnar, dönsku samfélagi og nútímamenningu. Áhersla er lögð á alla færniþætti og mikilvægt er að nemendur tjái sig munnlega. Í áfanganum er gerð krafa um að nemendur geti unnið sjálfstætt bæði í einstaklings- og hópvinnu.

Námsmat: Þátttaka og símat. Munnleg og skrifleg verkefni á önn. Það er mikilvægt að vera virkur og sýna sjálfstæði í vinnubrögðum.

Námsgögn: Afhent af kennara.